

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 — 1980

Nr. 510.

814

1. október 1980.

REGLUGERÐ

um framlag til varmaveitna til nýtingar innlendra orkugjafa.

1. gr.

Greiða skal framlag þeim aðilum sem hyggjast setja á stofn varmaveitur, ef orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

Framlag skal þó ekki greitt, nema varmaveitan sé metin hagkvæmari en aðrir orkuöflunarkostir á viðkomandi svæði.

2. gr.

Varmaveitur samkvæmt reglugerð þessari teljast hitaveitur og fjarvarmaveitur, sem starfa á vegum opinberra aðila.

3. gr.

Framlag skv. 1. gr. skal vera sú upphæð, sem stofnkostnaður varmaveitu verður að lækka um, til þess að matsverð orkunnar verði 90% af hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

Framlagið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim olíustyrk sem greiddur hefði verið á tveim árum vegna íbúa þeirra húsa, sem tengjast slíkum veitum.

Ef fjárveitingar á fjárlögum nægja ekki til að greiða áætluð framlög, skal minnka þau að tiltölu.

4. gr.

Orkuverð viðkomandi varmaveitu skal metið með hliðsjón af áætluðum rekstrar-kostnaði og orkusölu, svo og dreifingu stofnkostnaðar á 20 ára tímabil ásamt 8% ársvöxtum.

Rekstrarkostnaður telst vera kostnaður vegna orkukaupa að viðbættum 3% af stofnkostnaði auk vaxta.

5. gr.

Hitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk skal miðast við 13 lítra olíunotkun á rúmmetra á ári og 65% meðalnýtni olíunnar að frádregnum greiddum olíustyrk vegna íbúa þeirra húsa, sem tengjast veitunni.

6. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður varmaveitu skv. 4. gr. skal miðast við verðlag 1. júlí á umsóknarári.

Olíuverð og olíustyrkir skv. 5. gr. skulu miðast við meðaltal á 2. og 3. ársfjórðungi umsóknarárs.

7. gr.

Umsóknir um framlag skv. 1. gr. skulu sendar iðnaðarráðuneytinu fyrir 1. ágúst ár hvert. Þeim skal fylgja áætlun yfir eftirtalda þætti:

- a. stofnkostnað við varmaveituna
- b. rekstrarkostnað við varmaveituna
- c. heildarrúmmetra fjölda oliukynts íbúðarhúsnæðis sem tengist varmaveitunni
- d. hlutfall orkunotkunar íbúðarhúsnæðis skv. c-lið af heildarnotkun orku frá varmaveitunni
- e. fjölda greiddra oliustyrkja vegna íbúa húsnæðis skv. c-lið á fyrsta ársfjórðungi umsóknarárs.

8. gr.

Helmingur framlags skv. 1. gr. greiðist á því ári, sem framkvæmdir hefjast, en þó ekki fyrir 1. apríl árið eftir að sótt er um framlagið. Síðari helmingur greiðist ári síðar.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 15. gr. laga nr. 53/1980 um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, og öðlast hún þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um þá aðila sem reka varmaveitur við gildistöku reglugerðar þessarar gilda ákvæði 1. gr. Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 1980.

Sami frestur gildir um aðila skv. 1. gr. sem hyggjast hefja framkvæmdir á árinu 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 1. október 1980,

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 9. október 1980 nema kr. 112.47 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 9. október 1980. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eigenda sjálfs eða ekki. Hafri gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 310A/1980 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 9. október 1980 skal greiða kr. 12.63 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 9. október 1980 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 9. október 1980.